



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Málvísindi

ÍSLE3MV05

Námsáætlun haust 2023

Kennarar áfangans:

Bertha Ingibjörg Johansen (BEJ).
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS).

Áfangalýsing:

Í áfanganum er unnið með íslenskt mál. Nemendur kynna sér rætur íslenskunnar og grunnatriði í þróun málsins til 21. aldar. Unnið er með orðaforða, setningaskipan, framburð, orðmyndun, beygingar, orðræðu og uppruna og þróun tungumála. Þá er tungumálið á 21. öld greint og staða þess í dag skoðuð auk þess sem skoðað er hvernig við getum stuðlað að því að efla það og varðveita.

Forkröfur: 10 einingar í íslensku á 2. þrepi.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli.
- Orðaforða sem dugar til að fjalla um
 - o indóevrópsku málaættina og ættkvíslir þaðan til íslenskunnar.
 - o málbreytingar sem greina má í íslensku nútímamáli s.s. hljóðskipti, hljóðvörp, klofning, brottfalls hljóða.
- Helstu einkenni íslensks máls sem nýtast í ræðu og riti.
- Uppbyggingu íslensks nútímamáls.
- Mismunandi orðanotkun fólks við ólíkar aðstæður.
- Beygingarkerfi íslenskunnar og helstu aðferðum við nýmyndun orða.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt.
- Greina hljóðbreytingar og fjalla um einkenni þeirra.
- Beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu, framsetningu og frágangi verkefna.
- Nýta málfræðihugtök af öryggi í umræðum um málið, þróun þess og sögu.
- Draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti, og meta áreiðanleika þeirra.
- Greina hvernig orð eru mynduð.
- Beygja orð og nota orðabækur sér til hjálpar.

- Flytja af öryggi og sannfæringarkrafti ítarlega kynningu á flóknu efni, s.s. niðurstöður og rannsókn á íslensku máli

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna að skapandi og krefjandi verkefnum í sambandi við námsefnið.
- Beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti.
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta.
- Tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður og skýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu.
- Sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum.

Kennslubækur og kennslugögn:

- Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). (2012). Handbók um íslensku - Hagnýtur leiðarvísir um íslenskt mál, málnotkun, stafsetningu og ritun.
- Handbók um Málfræði eftir Höskuld Þráinsson (fáið hana lánaða á bókasafni)
- Efni frá kennara og greinar á neti

Námsmat

50% Ýmis próf úr efni annarinnar með lágmarkseinkunninni 5.

50% Verkefnavinna og kynningar

Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
 - Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
 - Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilabox lokar er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemandur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefnin sjálf í símanum.
 - Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur og óleyfileg notkun gervigreindar varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu., 16. ágúst 2023
 Bertha Ingibjörg Johansen (bertha@fsu.is)
 Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (gudbjorgdora@fsu.is)

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

Vika:	Dags.	Námsefni/viðfangsefni:	Helstu próf og verkefni og lestur á neti:
1	17.-18. ágúst	Kynning áfanga. Stöðumat	ATHUGIÐ! Öllum verkefnum fyrri hluta annar skal skila jafnóðum. Tími nánar skilgreindur í kynningu verkefna. Skerpt á grunnatriðum málvísinda og farið yfir hugtök og heiti sem þurfa að vera á hreinu til þess að hægt sé að byggja ofaná.
2	21.-27. ágúst	Merkingarfræði	Verkefni í tengslum við efnið. Handbók um málfræði, bls. 283-301 (bláa bókin). Handbók um íslensku, bls. 79-85, 145-147.
3	28. ág. - 3. sept.	Málsaga	Verkefni í tengslum við efnið. http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=701 http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=703 Handbók um málfræði, bls. 312-331 (bláa bókin).
4	4. - 10. sept.	Málsaga Beygingarfræði	Verkefni í tengslum við efnið. http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=101 http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=955 Handbók um málfræði, bls. 194-249 (bláa bókin). Handbók um íslensku, bls. 17-24 (kf og km), 42-70 (fn), 102-103 (i í þgf st kkorða), 201-205 (stigbreyting),
5	11. - 17. sept.	Beygingarfræði	Verkefni í tengslum við efnið.
6	18. - 24. sept.	Beygingarfræði	Verkefni í tengslum við efnið. Próf úr vikum 1-6.
7	25. sept - 1. okt.	Lestur fræðigreina	Verkefni; lestur fræðigreina og kynning
8	2. - 8. okt.	Orðmyndunarfræði	Verkefni í tengslum við efnið. https://ritaskra.arnastofnun.is/media/skraning_pdf/Or%C3%B0myndun_-_Sm%C3%A1rit_3.pdf

			Handbók um málfræði, bls. 250-256 (bláa bókin). Handbók um íslensku, bls. 31-38 (eitt orð eða fl.), 75-78 (forsk. og forliðir).
9	9. - 15. okt 12. og 13. okt. haustfrí	Orðmyndunarfræði	Verkefni í tengslum við efnið.
10	16. - 22. okt 18. okt valdagur 20. okt miðannarmat	Setningafræði	Verkefni í tengslum við efnið. http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=955 Handbók bls.259-281
11	23. - 29. okt.	Setningafræði	Verkefni í tengslum við efnið. http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=302 Próf úr vikum 7-10.
12	30.okt. - 5. nóv.	Lestur fræðigreina	Verkefni í tengslum við lesturinn og kynningar.
13	6.-12. nóv.	Fræðigreinar	Verkefnavinna og kynningar.
13	13. - 19. nóv.	Lokaverkefni	Verkefnavinna/kynningar.
14	13. - 19. nóv.	Lokaverkefni	Verkefnavinna.
15	20. - 26. nóv.	Lokaverkefni	Verkefnavinna.
16	27.nóv. - 3. des.	Lokaverkefni	Verkefnavinna og kynningar.
17	4. -10. des. 6. des síðasti kennsludagur 7. des hefjast námsmatsdagar	Uppsóp	

Með fyrirvara um breytingar 16. ágúst 2023,

Bertha I. Johansen og Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir